


# FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

TÍMARIT UM STJÖRNUSAMBANDSMÁL



## LÍFGEISLAN

Myndin er af brumhnappi liljublóms, og stafar út frá því geislun í ýmsar áttir. Myndin er tekin í hátíðnisviði því, sem gerir slíka ljósmyndun mögulega, en á venjulegri mynd væri enga geisla að sjá. Geislanin, sem myndin sýnir er lífgeislunin, sem dr. Helgi Pjeturss uppgötvaði, en tæknin, sem gerir þessa ljósmyndun mögulega, er rússnesk uppfinning. - Sbr. ritgerðirnar Lífgeislan og magnan í Nýal. Glasi í Sannýal, íffilbrekkudrauminn o. fl.

Myndin er tekin úr bókinni "Psychic Discoveries behind the Iron Curtain" eftir Sheila Ostrander og Lynn Schroeder, útg. 1970.

Útgefandi: Félag Nýalssinna  
Pósthólf 1159, Reykjavík

Ritstjóri: Þorsteinn Jónsson  
Úlfstöðum, Borgarfirði

## LÍTILL FORMÁLI

Það hefir nú orðið meiri dráttur á útkomu félagsblaðsins en oft áður, og urðu heftin aldrei nema þrjú á liðnu ári. Og nú hefir sá hátturinn verið tekinn upp, og eftirleiðis verði ekki aðeins um ritstjóra að ræða, sem vegna búsetu og ýmsra annarra ástæðna getur ekki séð um útkomu blaðsins nema að litlu leyti. Hefir félagsstjórnin orðið að annast slíkt til þessa. En nú hefur verið kosin þriggja manna ritnefnd, sem leysa á það verk af hendi. Eru það þeir Sveinn Haraldsson, Kjartan Norðdahl og Gunnar Grettisson.

Um efni þessa heftis ætla ég ekki að fara mörgum orðum. Fyrst er erindi: Framgangur fyrirburðafraeðinnar, sem Þorsteinn Guðjónsson flutti á aðalfundi 21. marz sl. Þar næst er grein eftir Ingvar Agnarsson: Sýndarbirta stjarnanna. Þá kemur grein eftir sjálfan mig, Framstreymi illra örlaga. Þá koma fjórar vísur eftir Valdimar Guðlaugsson. Þá Stillir og draumur, eftir Samúel Jónsson. Þá er hér Frásaga látins prests eftir sjálfan mig, samkvæmt miðil-fundi og önnur frásaga af sambandsárangri eftir Þorstein Guðjónsson. Þá eru þrír draumar eftir Ingvar Agnarsson. Grein kemur hér eftir sjálfan mig: Ný kenning, sem fyrr hefur þó verið borin fram. Að síðustu tel ég hér, ásamt fjárhagsyfirliti félagsins frá Sigurði F. Ólafssyni og félagaskrá, fundargerð frá 31. des. sl. og er hún skrifuð af Samúel Jónssyni.

D. J.

---

HUGLEIÐINGAR um dr. Helga Pjeturss  
við útkomu Sannýals 1943.

Upp er dregin yfirsýn  
yfir vegi farna.  
Ljómar af degi, leiðin skín.  
Lýsir á meginkjarna.

Mætti skarta mesta hrós  
manni er svartar nætur  
kveikti bjartast leiðarljós  
lífs við hjartarætur.

Vildi ég feginn fylgja í hlað  
fall svo eigi grandí  
þeim, sem veginn vísar að  
vonar meginlandi.

Andans hetja standi stæð.  
Styrkist getumening.  
Landans hvetji hug í hæð  
Helga Pjeturss kenning.

Valdimar Guðlaugsson

## FRAMGANGUR FYRIRBURÐAFRÆÐINNAR

Félag Nýalssinna er til og hefur byggt stjórnumbandsstöð, og hver er árangurinn? Það gæti vel átt sér stað, að því yrði varp að fram af einhverjum að árangurinn væri lífill. En hvað sem því líður, má sjá merki þess, að starf félagsins fer nú vaxandi með hverju árinu sem líður. Áhrifa hinnar sönnu heimspeki gætir einnig í vaxandi mæli á sviði hugsunar, og er þar um að ræða áhrif handan að til að koma fram hinu rétta, en það er engin fjarstæða að láta sér til hugar koma, að þeirri viðleitni verði nú meir framgengt en ella fyrir það að tilraunir eru stundaðar á þann hátt sem hér er gert.

Ég kalla til dæmis viðleitni til réttrar hugsunar, þegar menn hverfa frá öðrum eins fjarstæðum og þeim að sólhverfi vort sé einstætt í alheimi eða því að líf geti hvergi þróast nema á þessum eina stað. Framfaramerki eru það einnig að fundið er nú að menning hefur í fornöld þróast engu síður í Norðurálfu en á Austurlöndum og að Stonehenge í Englandi er eldra en pýramíðarnir. Gæti þetta greitt fyrir þeirri hugsun að nýjar hugsanir komi úr norðri. En umfram allt annað er það framför, að fyrirburðafraeðin svo nefnda hefur á síðustu árum náð meiri viðgangi en áður, því að þar er um að ræða, hvort sem menn gera sér grein fyrir því eða ekki, óbeina viðurkenningu á tilvist þess kraftar, sem að lífinu stendur og á að vera viðfangsefni okkar hér á þessum stað. Augljóst er að þegar hugsamband eða tilfinningasamband verður milli tveggja, verða því samfara efna-breytingar eða breytingar á niðurskipan, en það þýðir með öðrum orðum að geislan hafi flutt niðurskipan á milli. Lífgeislunin er vísindaleg staðreynd, sem héðan í frá hlýtur að verða byggt á í jarðneskum fræðum. Spurningin er aðeins sú, hvort nógu fljótt verði byggt til þess að lífinu hér á jörð verði forðað frá hrúni. Spurningin er hvort framgangur fyrirburðafraeðinnar verði slíkur, að hún verði að heimsvísindum þvítíkum sem Nýall er, áður en það er orðið um seinan að bjarga.

Fyrirburðafraeði hefur nú verið stunduð samfellt í hundrað ár, og ef dæma ætti eftir því, hve miklu fátæklegri frásagnir hennar eru nú, en fyrir hundrað árum og nokkuð frameftir, þá væri ekki hægt að segja að framförin hafi verið mikil, og væri öllu heldur um afturför að tala. Þeir tímar eru löngu liðnir, að kunnir vísindamenn birti frásagnir af líkamningum sem þeir hafa sjálfir athugað, af hafningu miðla og öðru sambærilegu og setji svo nöfn sín undir til staðfestu. Þegar Helgi Pjeturss var uppi hafði hann til slíks að vitna. Að vísu vissi hann manna bezt um andstöðuna gegn slíku og fór þar ekki í neinar grafgötur. En þetta var til og að því var styrkur, en nú á það sér ekki stað, og hvað hefur þá komið í staðinn?

Það er hægt að svara þessu með fáum orðum: að jafnframt

því sem fyrirbærin hafa hjaðnað og orðið fátæklegri hefur andstaðan gegn þeim minnkað: Það er sannfæringarleysi á báða bóga, sem æ meir hefur færzt í vöxt. Þetta er ekki neitt einstætt um sjálfa fyrirburðafraeðina, heldur verður þessa stefnuleysis og skoðanaleysis vart á öllum sviðum mannlegs lífs og hugsunar nú sem stendur. Þetta er eins og lygna eða ládeyða milli storma og strauma, og í miðri þessari lygnu var það sem hið mjög svo ólíklega tókst, að fyrirburðafraeðin var viðurkennd sem fullgild vísindagrein á þingi áhrifamesta vísindafélags á Vesturlöndum, bandaríska vísindaframfarafélagsins, þann 30. des. 1969. Þar með er fengin allsherjar viðurkenning á raunveruleik fyrirbrigða, sem lengi hafði tekizt að fá menn til að vera á móti, eða réttara sagt: viðurkenningin gildi um rannsóknaraðferðir fyrirburðafraeðinnar, ekki um sjálf fyrirbærin. En um leið og fraeðigreinin var viðurkennd voru þeir sem stunda hana einnig viðurkenndir, og þar með voru skilyrði þeirra til að halda fram niðurstöðum sínum stórlega bætt. Afleiðingarnar af þessum bættu skilyrðum eru líka farnar að koma í ljós. Ég hef hér með höndum alveg nýútkomið blað frá amerískafyrirburðarannsóknafélaginu, sem ég held að sé besta félagið þeirrar tegundar á Vesturlöndum. Þar segja þeir, þessir amerísku rannsóknarar m.a.: "Undirstöðuatriði í rannsóknum okkar áður var sú spurning hvort fjarhrif og skyld fyrirbæri, ættu sér raunverulega stað, hvort nokkuð væri þarna eiginlega til að rannsaka.

Þessari spurningu hefur nú verið svarað. Þetta kostaði mikið starf margra um langt skeið, en nú er svo komið að jafnvel hinir varfærnustu fraeðimenn eða leikmenn mega vera eins vissir um fjarhrifin og um aðra krafta, sem hvorki verða séðir né þreifað á: eins og sameindakraftarnir í eðlisfraeði og hæfileikinn til að muna í sálfraeði." Þarna kveður við nýjan tón hjá fyrirburðafraeðingum. Um langt skeið hef ég fylgst með þeim og helzt aldrei séð að þeir þyrðu að segja neitt frá eigin brjósti. Að hafa skoðun var að vera óvísindalengur. Að vera vísindalegur var aldrei annað en að bíða eftir niðurstöðum annarra. En nú er þetta breytt, og með þessu er óneitanlega fengið vopn eða verkfæri í hendur okkar sem opnuðum hér stjörnusambandsstöð tveim mánuðum áður en vísindafélagið gerði samþykkt sína þarna vestur í Ameríku. Við höfum fengið í hendur viðurkenningu, sem við þurftum á að halda í viðskiptum við suma menn.

En það er fleira að gerast þarna vesturfrá, í þessum samböndum, en það sem nú var talið, og þó ekki endilega vesturfrá heldur uppi yfir höfðum okkar stundum og undir fótum okkar aðra stundina, á eina hönd og aðra sitt á hvað, þannig að engin leið er að átta sig á því, nema með því að verða dálítið stórhuga og læra að taka mið af stjörnunum. Því það er úti í geimnum sem tíðindin eru að gerast, eða eru að byrja að gerast, þau sem nú skal lítillaga áminnt. Það er þetta að þeir eru farnir að prófa hugsamband við tunglfara. Við

skulum athuga vel hvað felst í þessu að hafa hugsamband við tunglfara. Það er með öðrum orðum að hafa hugsamband við menn sem eru svo fjarlægir að þeir eru á öðrum hnetti eða við annan hnött, úti í djúpi geimsins og er þá komið býsna nærri viðkvæmu máli. Dæmið sem hér er um að ræða og er úr sama nýútkomna blaðinu og því sem ég vitnaði í áðan, er hvorki mikilsvert né merkilegt í sjálfu sér, frá okkar sjónarmiði, en engu síður það sem það er: Bandarískur geimfari, Ed Mitchell að nafni, hafði með sér tilraunaspil í síðustu tunglnándarferð og reyndi að senda hugsun sína til jarðnesks viðtakanda. Sagt er að árangurinn verði kunngerður í vísindatímaritum innan skamms. Það er um þetta hið sama að segja og hið fyrra að það er dálítið árétt- ing máli okkar gagnvart þeim, sem fara að tala um geðbilun þegar þeir heyra minnt á Íslenzkar uppgötvanir, og Íslenzka heimspeki.

Ég spurði hér áðan hvort framgangur fyrirburðafræðinnar mundi geta orðið slíkur, erlendis, að hún yrði að heimsvísindum og mann- kyninu til bjargar. Ef þess væri að vænta þá myndu víst margir segja, að við mættum hér leggja árar í bát og biða bara rólegir eftir því að sannleikurinn kæmi erlendis frá eins og fyrri daginn. Okkar hlutverk væri þá helzt að gera spilatilraunir 30 árum á eftir Bandaríkjamönnum, og í mesta lagi að ljósmynda lífgeislunina 10 árum á eftir Rússum, Ég hef hér að framan minnt á bandarískar tilraunir, en ekki ber síður að taka eftir hinum rússnesku, sem ég hygg að standi hinum bandarísku að ýmsu leyti framar, því að þær munu gerðar meir út frá hreinum efnishvæggjusiðarmíðum, en þær vestrænu og eru þó hinar furðulegustu mótsagnir í þessum rannsóknum öllum eins og þær hafa þróast í því svartamyrkri fáfræðinnar sem umlukið hefur þessa jörð um langan aldur. Það er mín ætlan að þrátt fyrir allt sem vel er um þessa viðleitni hjá Bandaríkjamönnum og Sovétmönnum, stefni hvorugir þeirra nógu vel fram til þess að hægt sé að vænta hjálparinnar þaðan. Til þess eru þeir allt of bundnir af baráttunni sín á milli. Að vísu eru fræðimenn jafnan hinir frjálslyndustu menn, og árið 1968 var engu líkara en að allt ætlaði að vera vel og vísindamenn úr austri og vestri streymdu til alþjóðafundar fyrirburðafræðinga í Moskvu. En þá var tekið í taumana og þingið flæmdist inn í sendiráð Tékkóslóvakíu, sem var eini staðurinn í borginni þar sem því var orðið vært, og litlu síðar streymdu rússneskar hersveitir einmitt inn í það land sem veitt hafði þinginu skjól í miðri Moskvuborg.

Mig langar til að segja hér frá draumi sem mig dreymdi nokkru á undan þessum atburðum. Mér þótti ég vera staddur meðal rússneskra lækna, sem jafnframt væru rannsóknamenn á þessu sviði, og þótti mér ég vera tilraunamaður þeirra. Þeir voru að rannsaka sambandshæfileikann með tilliti til kynhvatarinnar með næsta óþyrmilegum aðferðum, og var stúlka eða kona annars vegar í þessari tilraun. En þrátt fyrir allt fannst mér andinn eða tilhneigingin í þessari tilraun ekki vera slæmur. Að öðru leyti en því að lækarnir voru í hugsunarhætti mark-

aðir af hinum röngu og mannskemmandi hugmyndum sem einkennt hafa sálfræðina á þessari öld. Árangur náðist í tilrauninni að því er mér þótti í draumnum, piltur og stúlka kysstust og fylgdi því nokkur gleði. En þó fannst mér hitt einnig vaka fyrir, og meir en að gera fólk hamingjusamt, að afla þarna vitneskju, sem hafa mætti til að stjórna fólki. Mér hefur ekki komið það á óvart síðan að sjá þess getið hér og þar að fjarhrifatilraunirnar í Austurevrópu beinist nú meir og meir að aðferðum til að ná valdi á vilja og breytni manna.

En ef menn héldu að það væri í austrinu eingöngu sem slíkt ætti sér stað, þá færu þeir villir vegar. Það sem ég ætla er að í báðum þessum stórveldum séu uppi harðsnúnir valdaflokkar, sem láta fátt uppi um fyrirætlanir sínar og athafnir, og þessir flokkar hafa í báðum ríkjum tekið fyrirburðafraðina í þjónustu sína. Það er fjarri mér að langa til að segja nokkuð misjafnt um þá menn sem eru í þessum innstu hringum valdakerfanna. En það er í augum uppi að viðleitni þeirra beinist mjög að því að gera aðra menn að verkfærum sínum, hvar sem þeir ná til. Þessi tilhneiging er röng og það á að draga úr henni og leysa hana þá samtillingu sem þar stendur á bak við. Með því að mynda nógu öfluga lífaflvél eða samtillingarhóp hér í stöðinni væri hægt að leysa upp hina röngu samstillingu með stórpjódunum svo að hún hyrfi eins og dög fyrir sólu.

Þorsteinn Guðjónsson.

---

## SÝNDARBIRTA STJARNANNA.

Lausleg athugun á stjörnum himinsins sýnir að þær eru mjög mismunandi að ljósmagni. Til hægðarauka skipta stjörnufræðingar þeim í "stærðir" eftir sýndarljósmagni: 1. stærð 2. stærð 3. stærð o.s.frv. Í 6. stærð eru daufustu stjörnurnar, sem hægt er að sjá berum augum. Í sterkustu stjörnusjám má sjá stjörnur niður í 19. stærð; en með ljósmyndataekni má greina stjörnur allt niður í 23. stærð. Milli hverra tveggja stærða er hlutfall birtunnar 2,5 þannig að t.d. 1. stærð er 2,5 sinnum bjartari en 2. stærð; 2. stærð 2,5 sinnum bjartari en 3. stærð o.s.frv. Með þessum hætti virðist stjarna af 6. stærð, bera 100 sinnum minni birtu en stjarna af 1. stærð. Og birtuhlutfallið er meira en einn milljarður (þúsund milljónir) milli 1. stærðar og 23. stærðar, sem er á takmörkum þess, sem hægt er að greina með sterkustu stjörnusjám og ljósmyndataekni í sambandi við þær.

Hér á eftir er tafla, er sýnir hve geysilega stjörnu fjöldinn eykst með hverri hækkandi tölu, sem sýnir minnkandi birtumagn stjarnanna, héðan að sjá:

Stærðar- tala.	Fjöldi stjarna.	Stærðar- tala.	Fjöldi stjarna.
6	3.000	14	6.500.000
8	23.000	16	20.900.000
10	165.000	18	142.000.000
12	1.100.000	20	506.000.000

Aukning stjörnuþjaldans er nokkuð regluleg frá einni stærð til annarar, og getur stjörnufræðingar kannað þetta allörugglega með því blátt áfram að telja daufari og daufari stjörnur, sem koma fram á hinum ljósnæmu tækjum þeirra. Stjörnuþjaldinn, sem þannig er hægt að kanna er gífurlegur, fer fram úr þúsund milljónum stjarna. Þó er sá hluti stjarnanna, sem þannig er hægt að sjá og kanna, aðeins lítið brot af öllum stjörnugrúa vetrarbrautar okkar, því síðustu útreikningar stjörnufræðinga benda til, að í henni muni vera allt að 500 þúsund milljónir sólna. Er sá fjöldi svo mikill að nær ógerlegt er að gera sér fulla grein fyrir honum. Þó er í okkar vetrarbraut aðeins lítið brot af öllum stjörnum alheimsins, því þekktar vetrarbrautir skipta aftur þúsundum milljóna.

Ingvar Agnarsson  
1969

## Í FRAMSTREYMI ILLRA ÖRLAGA.

Um fáa tvo menn hérlenda á 13. öld mun dómur sögunnar hafa orðið svo mjög á tvo vegu sem um þá Hrafn Sveinbjarnarson á Eyri og Þorvald Snorrason í Vatnsfirði, og væri víst ekki auðvelt að hnekkja þeim dómi að neinu ráði. Samkvæmt sögunni virðast framkvæmdir Hrafns eingöngu hafa verið á hinn betri veg, en Þorvalds nær eingöngu á hinn verri, og um sannleiksgildi sögunnar er ekki ástæða til að efast í neinum aðalatriðum. Það sem þar segir frá, hefir óneitanlega gerzt. En er þá hvergi að finna neina skýringu á hinum furðulega drengskaparskorti Þorvalds, sem hvergi virðist þó hafa komið eins skýrt fram og í viðskiptum hans við Hrafn?

Samkvæmt frásögn Snorra Sturlusonar í Heimskringlu virðist Hákon jarl Sigurðsson, sem um langt skeið var hinn heilladrýgsti stjórnari í Noregi, hafa espast til rána og hernaðarverka eftir að honum hafði verið þröngvað til kristnitöku suður í Danmörku. Eftir að hafa losað sig við hina kirkjulegu kennimenn, sem honum voru fengnir til kristniboðs í Noregi, fór hann herskildi á leið sinni austur um Eyrarsund og norður um Gautland, og er slíks ekki getið um hann hvorki fyrr né síðar, þótt hann þar fyrir utan berðist stundum um völd. Virðist eins og hugur hans hafi magnast upp til ránsathafna

þessara við það að komast í snertingu við hið kristilega kirkjuvald, sem sótti jafnt og þétt norður á bóginn, og kom nokkuð líkt aftur í ljós hjá honum, eftir innrás hinna kristnu Jómsvíkinga í Noreg. Er því líkast eftir það, að hann hafi umhverfst, orðið grimmar en áður og lostafyllri, sem bendir í þá átt, að afmögnun hafi átt sér stað hjá honum. Þetta að heimta til fylgilags við sig, á þann hátt sem sagt er, hinar glæsilegustu konur og bændadætur hefir verið einhverskonar blind viðleitni til þess að bæta sér upp tapaða hamingju og gleði hins áður goðmagnaða manns. Og eitthvað skylt þessu dettur mér nú í hug, að Þorvaldi í Vatnsfirði hafi verið farið. - Það er mjög auðsætt af sögunni, að Hrafn hefir verið mjög kristi- og kirkjulega sinnaður, eins og líka höfundur sögu hans. Og þó að þess sé ekki getið, að Þorvaldur hefði nokkru sinni í frammi ókirkjulega tilburði, hann virðist meira að segja hafa hlustað á tíðir, þegar honum þótti það henta, þá þykir mér vel hugsanlegt, að hin kirkjulegu áhrif frá Hrafn hafi verkað á hann líkt og kristniþröngvunin á Hákon jarl. Ekki sízt þykir mér hugsanlegt, að ást Hrafns á píslarvætti og píslarvottum hafi vakið óbeit og andúð hjá Þorvaldi, sem enga löngun virðist hafa haft til sjálfsafneitunar og meinlætalis, og að það hafi því verið vegna áhrifavalds þaðan, að hann sótti svo fast eftir lífi Hrafns. Mér þykir jafnvel hugsanlegt, að Hrafn hafi óafvitandi knúið eða leitt Þorvald til þess með áhrifamætti sínum að gera úr honum píslarvott, og má ráða það af hinum merkilega draumi Tómasar í Selárdal nóttina, sem Hrafn var veginn, að það áhrifavald hefir ekki verið lítið. Draumur Tómasar var einmitt á þá leið eða samkvæmur því, sem Hrafn lét fara fram á Eyri þá um nóttina, og er hann því merk sönnun um hinn nýalska skilning á eðli drauma.

Það var litlu fyrir dauða Þorsteins Björnssonar úr Bæ, að Þorvaldur í Vatnsfirði tók að vitrast honum. Skildist mér, að Þorvaldur hafi með því viljað fá Þorstein til að rétta hlut sinn að nokkru. Sagði Þorsteinn mér nokkuð af þessu, og man ég það eitt að honum þótti sem ekki hefði það verið auðgert að sjá af útliti Þorvalds, hvort hann hafi verið góður eða illur. Og í kvæði, sem Þorsteinn orti þá um hann, segir á einum stað, að eigin þótti hafi verið honum æðstur dómur, og var það á engan hátt miður sagt en hjá Einari Benediktsyni þar sem hann segir í kvæði um Ymi, að valdhafi geimsins þóknist sér sjálfum. Hygg ég að segja megi, að ýms orðtæki Þorsteins úr Bæ hafi í bezta lagi verið "þung í vigtina", og að hjá honum hafi því Þorvaldur reynt að leita sér liðsinnis. Ef þegið er af einhverjum og matið, þá, er ekki lítilsvert að komizt sé vel að orði. Og hér er nú það til viðbótar því, sem Þorsteinn úr Bæ gerði Þorvaldi í Vatnsfirði til uppreistar, að minnst er á framstreymi illra örlaga um hans daga. Það var til ills, þótt ef til vill hafi það ekki verið til ills eins, eins og komizt hefir verið að orði, að vald kristni og kirkju ruddi sér til rúms á Norðurlöndum, og var það fyrir því valdi, að Hákon jarl



beið ósigur, einnig á þann hátt að verða verri maður. Og hafi það nú verið þetta vald, sem leiddi til þess, hversu fór með þeim Hrafni á Eyri og Þorvaldi í Vatnsfirði, þá hefir það þar leitt til mikilla örlaga og illra. Hefði með þeim farið ekki öðruvísi en vel, hefði engin Sauðafellsferð verið farin og Sturla Sighvatsson því ekki neyðst til að láta fremja það á hinum ófyrirleitnu en að ýmsu leyti drengilegu Vatnsfirðingum, sonum Þorvalds, sem honum var ofraun. Hygg ég að það hafi verið minning hans um þær aðfarir, sem dró úr einbeitni hans til að ráða Gissur Þorvaldsson af dögum, þegar hann átti kost á því. En hvað orðið hefði, ef saga Gissurar hefði ekki orðið lengri en hún þá var orðin, má hver sem vill velta fyrir sér. Skemmtilegast þætti mér þó að hugsa til þess, að engin Apavatnsferð hefði verið farin og engin herför á hendur Snorra Sturlusyni, en hugsanlegt er, að svo hefði getað orðið, ef ríki þeirra Hrafns og Þorvalds hefðu haldist vestra.

P. J.

---

## FRASAGA LATINS PRESTS

Það var þann 17. okt. sl., að nokkrir Nýalssinnar komu hing- að að Úlfsstöðum, og var þá um kvöldið stofnað til miðilssambanda. Kom þar fram meðal nokkurra annarra Jónmundur prestur Halldórson, og var einna sögulegast það sem hann sagði. Komst fyrst ekki annað fram en það, að þar væri um Vestfirðing að ræða, og var þá farið að gizka á, hver sá Vestfirðingur væri. "Mér þykir gaman að verða var við áhuga ykkar á, hver ég muni vera, sagði hann þá, og tókst litlu síðar að segja til nafns síns. Lítið var það þó í fyrstu, sem í gegn komst framyfir það, og var þá beðið um að syngja eitt- hvað létt og fjörgandi. Var það gert, og var gaman að veita því eftirtekt, hversu það örvaði sambandið líkt og auknum rafkrafti hefði verið veitt til útvarpstækis. Fór hinn framliðni maður þá að segja frá komu sinni til annarrar jarðar á furðu ljósan og skemmtilegan hátt. Var það úti á víðavangi í grænum haga, að hann fyrst vissi af sér, en vegna þess að hann skildi ekki neitt í neinu varð honum um og ó. Þótti honum sem embætti sitt hefði mátt veita sér nokkurn rétt til þess að hverfa beint í guðdóminn. En þetta fannst honum ekki þesslegt. Lokaði hann því augunum aftur eftir að hafa þarna opnað þau fyrst að afloknum þessum blundi, sem hann sagðist hafa fallið í á sínum sjúkdómsstað. En nú var hann kominn á einhvern annan stað án þess hann vissi hvernig. Eitt þótti honum þó gott við þessu umskipti, en það var, að allar sjúkdómsþrautir voru nú horfnar. Sagðist hann því hafa farið að opna augun aftur, og þó varla nema til hálf. En það var ekki um að villast. Hann lá þarna úti í grænni náttúrunni, hvernig sem á því gat staðið. Og nú fór hann smámsaman að þora að beita skynfærum sínum. Reyndi hann þá, hvort hann gæti sezt

upp, og tókst það auðveldlega. Þá reyndi hann að standa upp, og tókst það heldur ekki sem verst. "En við það reyndi ég svo mikið á mig, að ég varð að láta það eftir mér að leggjast aftur og hvíla mig. Mjög líklega hefi ég sofnað aftur og sofið drykklanga stund, nema nú þegar ég vaknaði á ný, þá voru komnir til mín nokkrir menn, og tveir þeirra buðu mig velkominn, og undraðist ég stórum. Þegar ég hafði áttað mig nokkuð, varð ég þó enn meira undrandi. Komu- maðurinn einn í hópi þessum var enginn annar en faðir minn, og fór hann að segja mér, hvað gerst hafði, og að þetta væri nú raun- veruleiki. Ég snérist allur öndverður og sagði þeim að þetta gæti ekki átt sér stað. - Jæja, ég þoldi ekki meira af svo góðu og hvarf frá öllu þessu fólki og vissi ekki af mér. Nú, nú. Það skal ekki orðlengja þetta. Þegar ég raknaði við mér aftur, var ég kominn í uppbúið, mjúkt og hlýlegt rúm. Ég spurði, hverju þetta sætti, og var mér þá sagt, að ég mundi hressast og fá fullan styrk, og gæti ég þá farið af þessu sjúkrahúsi, sem ég kallaði svo. Þarna var ég svo góðan tíma og undi hag mínum mjög vel, en átti þó mjög bág- t með að meðtaka þessa upplýsingu, sem svo gjörólík var því, sem ég ætlaði (hana) vera."

Þegar hér var komið, fór frásagan að verða slitrótt. Þó sagði hinn látni prestur enn nokkuð af því, hversu hann gerði sér ljóst, að hann var enn gerður af holdi og blóði og hversu hann sannfærðist um það meðal annars af því að gæta að slagæðum líkama síns og styðja hönd á hjartastað. Talaði hann enn um, hversu furðulegt sér hefði þótt þetta, og hvílík nauðsyn væri á, að samstirningar okkar lærðu þegar að gera sér þetta ljóst.

P. J.

---

## BOÐSKAPUR ÚR MIKLUM FJARSKA

Á sambandsfundi 11. marz náðust guðsambönd og góð samstilling; var þar gyðjan Sif að birtast viðmælendum okkar, framliðnum héðan af jörð, sólu bjartari, þegar hún hafði náð ljóma sínum, en það gerðist stig af stigi með því að allir voru fúsir til að veita henni viðtöku. Síðar á fund- inum talaði Óðinn og var það um örðugleikana á því að koma til hjálpar, eins og eftirfarandi setningar sýna: "... þegar niðzt er á sumum lifendum og ríkir mikil rangsleitni, gerir slíkt guðunum mjög erfitt fyrir að koma á sambandi við þessa stjörnu. Þegar ég skoða hnöttinn og athuga hvernig þar stefnir, lízt mér ekki sem skyldi á. Nú, ég verð þó að vona, að við getum komið sambandi þessu fram, til að hugsunarhátturinn megi breyt- ast, til að stefnunni verði breytt. Hvernig þetta gengur er samt vandi að segja, en reyna munum við allt sem mögulegt verður. Þegar ég er að segja þessi orð, til að þið skiljið okkar aðstöðu, er vandi að segja ykkur það, sem gæti orðið ykkur stuðningur og lið við ykkar stefnu. Ég þakka vinir allt starf, þetta getur styrkt og þið orðið sterkir. Lífs sambandið milli stjarnanna, það er miklu furðulegra og meira samband en nokkurt annað samband stjarnanna. Orka þessi er eins og mjög... í orku þessari er... Ég geri aftur tilraun til að tala..."

## STILLIR OG DRAUMUR.

Að loknum sambandsfundi í Stjórnusambandsstöðinni kvöldið 5. nóvember ræddi ég við Þorstein Guðjónsson. Um morguninn þegar ég vaknaði kl. að ganga 8 mundi ég eftirfarandi úr draum.

Draumgjafi minn var í rúmgóðu herbergi með stórum gluggum sem skipt var í 6 rúður. Hann settist við stórt og vandað viðarborð og 5 menn aðrir. Hann undirritaði nokkur skjöl og greidd voru atkvæði um eitt málefni, sem ég í draumnum vissi vel hvert var, en gat ekki rifjað upp vakandi. Það sem ég man þó gleggst er vitund draumgjafans um að hann var í ráðherrastöðu í forföllum annars, en ekki man ég hvaða ráðherrastaða það var.

Um kvöldið hitti ég Þorstein og sagði honum drauminn. Sagði hann mér þá að daginn áður hefði hann átt tal við ráðherra.

Samúel D. Jónsson

8. nóv. 1970.

---

## NÝ KENNING, SEM FYRR HEFIR ÞÓ VERIÐ BORIN FRAM.

"Óþekktir kraftar leika með jarðskorpuna", nefndist lítil grein, sem birtist í Mbl. þann 13. jan. sl. og var hún þýdd úr útlendu blaði, Sunday Times. Var þar talað um tilfærslu landa og heimsálfa á þann hátt, sem margir halda nú, að átt hafi sér stað og muni eiga eftir að gera, og ber þó fyrirsögn og greinarinnar með sér nokkurn veikleika varðandi þá kenningu. Kenning, sem þarf á óþekktum kröftum að halda, til þess að geta staðist, getur naumast talist óyggjandi. En eftirtektarvert þótti mér þó sumt, sem sagt var í grein þessari varðandi landaskipan hnattarins í framtíð, og var það þó einkum vegna þess, að þar kom sumt svo vel heim við það, sem hér á landi var haldið fram fyrir 30 til 50 árum. Var þarna í greininni sagt, að Atlantshafið muni í framtíðinni stækka á kostnað Kyrra-hafsins, en Afríka muni breyta sundur og klofna frá norðri til suðurs og þó einkum suðausturhluti hennar, en einmitt þessu var hér haldið fram og þá fyrst og fremst vegna þess, að jarðskorpan væri þar að breyta sundur og síga, eins og óneitanlega hefir átt sér stað hér í Atlantshafinu norðanverðu. Og nú ætla ég að taka hér upp það, sem sagt var hér á landi varðandi þetta fyrir 50 og 30 árum, og ekki þarf á neinum óþekktum kröftum að halda til þess að geta staðist:

"Munurinn á ströndum meginhafanna kemur af því, að þessir hlutar jarðarinnar, sem þar koma til greina, sýna það sem kalla mætti viðburðabylgju á gagnstæðu framvindustigi. Öðrumegin á hnettinum er viðburðabylgjan að rísa. Hinumegin hnígur viðburðabylgjan. Öðrumegin er í vexti útrás jarðhitans, mikil og stórkostleg.

Hin mikla Austurálfa, víðlendust og hálendust allra, er að vaxa austur í hafið. Meiri hluti af botni Kyrrahafsins er að hefjast upp og vaxa til viðbótar við Asíu. Útrás jarðhitans veldur því, að jarðskorpan lyftist upp og ýtist saman í fellingar.

Þar sem Kyrrahafið er að minnka, er Atlantshafið að stækka. Þeim megin er viðburðabylgjan að hníga. Útrás jarðhitans, sem þar varð forðum, hefir eytt sér í að lyfta upp löndunum, hnykla jarðskorpuna saman í fjallgarða, og síðar í hin stórkostlegu gos, sem vér sjáum menjar eftir allt frá Bretlandseyjum til Grænlands. Og nú kólnar þar og brestur sundur og sígur. Þar er það hafið, sem er að færast út og dregur til þess, að verða mesta haf jarðarinnar."

"Hitabeltisálfan, Afríka, er mjög lítið vogskorin; á allri þeirri strönd er enginn fjörður, og hin miklu og frægu stöðuvötn í suðurhluta álfunnar, eru altöðrúvísi tilkomin en Mikluvötn Vesturheims. Afríka er mjög sundurbrostin, og þó einkum astantil, og eru hin miklu vötn í lægðum sem urðu þar sem landið seig niður á milli sprungna. Einnig Rauðahafið er þannig tilkomið. Hitabeltisálfan er að bresta sundur og hverfa í sjó, og þó einkum suðurhlutinn; en hin mikla eyja, Madagaskar, er spöng, sem eftir stendur. - - - Sá skrítni munur er á hinum miklu stöðuvötnum Asíu og Afríku, að Asíuvötnin eru leifar hafs, sem er að hverfa, en Afríkuvötnin afleiðing þess að land er að hverfa, undirbúningur undir það, að úthaf komi í stað meginlands."

Geta skal þess, að þetta um Afríku og Afríkuvötn er skrifað um 20 árum síðar en hið fyrra, og er höfundurinn sá sami að hvortveggja.

P. J.

---

## DRAUMUR UM FLUGTÆKI.

Mig dreymdi að ég liti til lofts og sæi flugtæki ýmiskonar. Tvö þeirra vöktu sérstaka athygli mína. Fóru þau með allmiklum hraða hvert á eftir öðru, og var stutt bil á milli þeirra. Þau voru ekki óáþekkt loftskipum að útliti, nokkuð löng og tiltölulega sver. Fremra loftfarið var að því leyti frábrugðið því aftara, að skörð voru niður í efri hluta þess. Þessi flugtæki voru hvít. Þótti mér sem margt fólk mundi hér vera á ferð í þeim.

Ingvar Agnarsson  
dreymt 9.6. 1969.

## DRAUMUR UM SVIF Í FJALLSHLIÐ

Mig dreymdi, að ég þóttist svífa utan í brattri fjallshlíð. Undir hliðinni var sjór en ofan við hliðina voru háir, þverhniptir hamrar. Hliðin var græn og grasi gróin. Ég kom þar, sem fólk sat á strjál-  
ingi efst í hliðinni undir hömrnunum. Hjarta mitt var fullt af gleði og ég fór að syngja. Mér þótti lagið vera "Já, ef hér út í skóg" úr leik-  
ritinu Ævintýri á gönguför. Ég sveif fram og aftur meðfram fólkinu, sem þarna sat, og mér þótti það hafa skemmtun af svifi mínu og söng. Ég veitti sérstaka athygli einni konu sem þarna sat, því hún virtist vera hnuggin. Mig langaði til að gleðja hana, og fór því til hennar og staðnæmdist hjá henni. Ég þóttist spyrja hana, hvort hún vildi svífa með mér um stund. Hún játti því og varð nú glaðlegri. Síðan svifum við saman, meðfram klettunum, og stundum talsvert hátt upp með þeim. Er við höfðum svifið þannig um stund, spurði ég hana, hvort hún þyrði að svífa með mér upp fyrir klettana og upp á fjallið. Ég hafði á tilfinningunni að fjallið væri afarhátt, og ég þóttist vita að það væri slétt að ofan, og að þar uppi væri nú margt fólk. Konan kvaðst ekki þora að fara með mér svo hátt. Ætlaði ég þá að skila henni á sama stað. Og endaði þar draumurinn.

Ingvar Agnarsson

dreymt 16. febrúar, 1970.

---

## DRAUMUR UM FLUGVÉL.

Mig dreymdi að ég stóð úti og horfði á flugvél, sem framhjá fór, ekki allfjarri. Hún var geysistór. Aftur úr henni stóðu eld-  
tungur miklar. Er hún var komin í talsverða fjarlægð féll eitthvað niður frá henni, og var það einnig eins og logandi. Fannst mér ein-  
hver ógn stafa af flugvélinni og því er frá henni féll, án þess þó að gera mér nánari grein fyrir, af hverju sú ógn stafaði.

Ingvar Agnarsson

5. ágúst, 1969.

### FÉLAGATAL NÝALSSINNA

Ágúst Guðmundsson, Stóra-Hofi, Rang.

Ásgeir Sigjónsson, Dalvík

Ásgeir Hólm, Kaplaskjólsvégi 5, Reykjavík

Áshildur M. Öfjörð, Nýrækt, Fljótum

Áslaug Steinsdóttir, Úlfsstöðum, Borgarfirði

Ásmundur Guðbjörnsson, Njálsgötu 62, Reykjavík

Ásdís Þorsteinsdóttir, Skálpastöðum, Lundarreykjadal

Ásta Einarsdóttir, Vestmannabraut 51, Vestamannaeyjum

Aðalsteinn Jónsson, Aðalstræti 9, Ísafirði

Baldur Kristjánsson, Ytri-Tjörnum, Eyjafirði  
Benedikt Björnsson, Þingholtsstræti 15, Reykjavík  
Bergsteinn Jónsson, Háaleitisbraut 20, Reykjavík  
Bjarni Bjarnason, Brekkubæ, Hornafirði.  
Björn Árnason, Markarflöt 5, Garðahreppi  
Björgvin Júlíusson, Hólsgarði, Saurbæjarhr. Eyjaf.  
Eggert Loftsson, Kleppsvegi 6, Reykjavík  
Einar Guðmundsson, Amtmannsstíg 6, Reykjavík  
Elsa G. Vilmundardóttir, Hrauntungu 69, Kópavogi  
Eyjólfur Kristjánsson, Brúarósi, Kópavogi

Flosi Björnsson, Kvískerjum, Örfæfum  
Friðbjófur Þorsteinsson, Fossvogsbletti 42, Reykjavík  
Frímánn Frímánnsson, Hávallagötu 15, Reykjavík  
Guðmundur Egilsson, Bókinni, Skólavörðustíg  
Guðlaugur Ketilsson, Skipholti 18, Reykjavík  
Guðmánn Ólafsson, Skálabrekku, Þingvallasveit  
Guðmundur Jóh. Guðmundsson, Urðarstíg 7a, Reykjavík  
Guðmundur Jónsson, Kópsvatni, Árnassýslu.  
Guðmundur Kristinsson, Sólheimum 27, Reykjavík  
Guðmundur Kristinsson, Bankavegi 4, Selfossi  
Guðmundur Sveinsson, Samvinnuskólanum, Bifröst, Borgarfirði  
Guðmundur Þorsteinsson, Klafastöðum, Borgarfirði  
Guðni Daníelsson, Melaheiði 19, Kópavogi  
Guðrún Olga Ágústsdóttir, Laugavegi 34a, Reykjavík  
Guðrún Elsa Þorsteinsdóttir, Úlfsstöðum, Borgarfirði  
Gunnar Þór Kárasón, Skólavörðustíg 13, Reykjavík  
Guðlaug Guðlaugsdóttir, Bjarkargötu 8, Reykjavík  
Guðfinna Inga Guðmundsdóttir, Reynimel 92, Reykjavík  
Gunnar Grettisson, Rauðalæk 55, Reykjavík  
Geir Ólafsson, Grafarholtsbl. 5, Reykjavík  
Guðmundur Þorláksson, Seljabrekku, Mosfellssveit  
Hafsteinn Kristinsson, Breiðumörk 20, Hveragerði  
Hálfdan Eiríksson, Vesturgötu 54a, Reykjavík  
Haukur Sigtryggsson, Hlíðarbraut 5, Hafnartirði  
Helga Bærings, Bergstaðastræti 25b, Reykjavík  
Helgi Jónsson, Sogavegi 112, Reykjavík  
Hulda Valdimarsdóttir, Víðmel 23, Reykjavík  
Haukur Jónsson, Hafnarstræti 19, Reykjavík  
Helgi Lárusson, Pósthólf 24, Reykjavík  
Hreinn Steingrímsson, Reykjavík  
Helgi Hallgrímsson, Droplaugarstöðum, Fljótisdal  
Hilmar Skagfield, P. O. Box 753 Tallahassee, Florida

Ingileif Ólafsdóttir, Snorrabraut 38, Reykjavík  
Ingvar Agnarsson, Hábraut 4, Kópavogi  
Jósep Halldórsson, Hraunbæ 56, Reykjavík  
Jóhanna Erlingsson, Karfavogi 56, Reykjavík  
Jóna S. Ásbjörnsdóttir, Rauðalæk 69, Reykjavík  
Jón Hermannsson, Álfhólsvegi 119, Kópavogi  
Kjartan Jóhannsson, Mávanesi 4, Garðahreppi  
Kjartan Ólafsson, Spítalavegi 9, Akureyri  
Kjartan Norðdahl Kjartansson, Bólstaðahlíð 27, Reykjavík

Kjartan R. Kjartansson, Fellsmúla 8, Reykjavík  
Kristín Guðmundsdóttir, Garðastræti 4, Reykjavík  
Kristín Óladóttir, Bergstaðastræti 9b, Reykjavík  
Kristín Sigurðardóttir, Austurbrún 2, Reykjavík  
Kristinn Guðmundsson  
Katrín Guðjónsdóttir, Mykjunesi, Holtum, Rang.  
Katrín Jónsdóttir, Grettisgötu 50c, Reykjavík  
Karl Vernharðsson, Kleppsvegur 124  
Kristján Kristjánsson, Hlíðarvegi 15, Kópavogi  
Kolbrún Norðdahl, Sæviðarsundi 42, Reykjavík  
Kristján Sigurðsson, Rauðalæk 69, Reykjavík

Lúther Kristjánsson, Kvisthaga 15, Reykjavík

Magnús Pálsson, Hraunbæ 92, Reykjavík  
Magnús Norðdahl, Álfhólsvegi 47, Reykjavík  
Magnús Þorsteinsson, Vatnsnesi, Grímsnesi, Árn.  
Málfríður Einarisdóttir, Rauðalæk 14, Reykjavík  
Margrét Björnsdóttir, Grettisgötu 55c, Reykjavík  
Margrét Jóhannsdóttir, Meðalholti 14, Reykjavík  
Marta Sveinbjörnsdóttir, Móaföt 59, Reykjavík  
Magnús Kristjánsson, Útey, Laugardal, Árn.  
Matthías Magnússon, Flókagötu 10, Reykjavík

Norma Norðdahl, Álfhólsvegi 47, Reykjavík  
Nicolai Bjarnason, Tunguvegi 8, Njarðvíkum

Ólafur Jóhannesson, Grundarstíg 2, Reykjavík  
Ólafur Halldórsson Háabarði 10, Hafnarfirði  
Ómar Bergmann, Víghólastíg 19, Kópavogi  
Ólafur Ólafsson, Hallsteinsnesi, A. - Barð.  
Óskar Pétursson, Skammbeinsstöðum, Holtum, Rang.  
Ólafur Sigurjónsson, Litla Hólmi, Gullbringusýslu.

Páll H. Árnason, Dórlaugargerði, Vestmannaeyjum  
Páll Björnsson, Fagurhólsmýri, Örfum  
Páll Steinarsson, Hlíð, Gnúpverjahreppi, Árn.  
Páll Sigbjörnsson, Dynskógum 5, Egilsstöðum  
Ragnhildur Þorsteinsdóttir, Úlfsstöðum, Borgarfirði  
Ragnhildur Sigjónsdóttir, Brekkubæ, Hornafirði  
Ragnar St urluson, Snorrabraut 42, Reykjavík  
Ragnar Hansson, Vík í Mýrdal

Sigurður Benediktsson, Álfhólsvegi 47, Reykjavík  
Samúel D. Jónsson, Fossvogsbletti 13, Reykjavík  
Sigfús Kristinsson, Banka vegi 4, Selfossi  
Sigurður E. Guðmundsson, Kóngsbakka 2, III. h., Reykjavík  
Sigurður Guðmundsson, Hvassaleiti 155, Reykjavík  
Sigurður F. Ólafsson, Flókagötu 63, Reykjavík  
Sigurður B. Jónsson, Grundargerði 31, Reykjavík  
Sigríður Jónsdóttir, Hlaðbrekku 3, Kópavogi  
Skúli M. Öfjörð, Hlaðbrekku 3, Kópavogi  
Stefán Halldórsson, Hlöðum, Hörgárdal, Eyjafirði

Steinar Pálsson, Hlíð, Gnúpverjahreppi, Árnessýslu  
Steindór Jónsson, Kársnesbraut 61, Kópavogi  
Steingerður Þorsteinsdóttir, Álfhólsvegi 121, Kópavogi  
Sveinbjörn Benteinsson, Draghálsi, Borgarfirði,  
Sveinbjörn Þorsteinsson, Skálholtsstíg 2, Reykjavík  
Sveinn Haraldsson, Álfhólsvegi 121, Kópavogi  
Sveinn Víkingur Þórarinnsson, Úllisstöðum, Borgarfirði  
Svanhildur Þorsteinsdóttir, Háteigsvegi 10, Reykjavík  
Sigríður Axelsdóttir, Kleppsvegi 8, Reykjavík

Trausti Laufdal Jónsson, Hólmgarði 20, Reykjavík

Sigurjón Sigurðsson, Þaravöllum, Borgarfirði  
Sigríður Kristófersdóttir, Laugateigi 56, Reykjavík  
Stefán Guðmundsson, Byggðaholti, Lóni, S. Múl.  
Svana Þorsteinsdóttir

Trausti Laufdal Jónsson, Hólmgarði 20, Reykjavík  
Tryggvi Guðbjörnsson, Vesturgötu 53, Reykjavík

Valdimar Guðlaugsson, Safamýri 33, Reykjavík

Þórir Kristinsson, Stálmyri, Svíþjóð  
Þorsteinn Guðjónsson, Álfhólsvegi 121, Kópavogi  
Þorsteinn Jónsson, Úllisstöðum, Borgarfirði  
Þorsteinn Kristinsson, Sogavegur 1, Reykjavík  
Þórarinn Þorleifsson, Hafnarbraut 5, Blonduosi

Ævi félagar.

Ólafur Þórðarson, Reykjalundi  
Halldór Laxdal, Löngubrekku 12, Kópavogi  
Helgi Guðlaugsson, Njálsgötu 31, Reykjavík  
Sigurjón Þorbergsson, Miklubraut 34, Reykjavík  
Steinn Emilsson, Bolungarvík  
Björn Franzson, Hjarðarhaga 24, Reykjavík  
Guðrún Guðjónsdóttir, Efstasundi 36, Reykjavík Á.  
Ásgrímur Jósepsson, Bjarkargötu 8, Reykjavík Á.  
Agnar Breiðfjörð, Laugateigi 27, Reykjavík  
Pjetur Gíslason, Gamla læknishúsinu, Eyrarbakka  
Sigfús Bjarnason, Akri, Torfalækjarhr. A. – Húin.  
Aðalheiður Magnúsdóttir, Skeljatanga 3 Reykjavík  
Guðrún Emilsdóttir, Brúarósi, Kópavogi Á.  
Magnús Sigurðsson, Grafarbakka, Hrunam. hr. Árn. Á.  
Sigrún Tómasdóttir, Grafarbakka, Hrunam. hr. Árn.  
Sigurður Tómas Magnússon, Grafarbakka, Hrun.  
Tómas Tómasson, Skólavegi 34, Keflavík  
Steinunn Inge, Foam Lake, Sask. Canada  
Klemens Guðmundsson, Bólstaðarhlíð, A. Húin.  
Valdimar Ritchie, Víðimel 23, Reykjavík  
Haukur Matthíasson, Laufásvegi 25, Reykjavík



Auður Einarsdóttir, M.ðalheimi, Svalbarðsströnd  
 Ágúst Helgason, Vestmannabraut 38, Vestm.eyjum  
 Viktoría Jónsdóttir, Vesturvegi 30, Vestmannaeyjum  
 Aase Sigfússon, Vestmannabraut 24, Vestmannaeyjum  
 Guðbjörg Kortsdóttir, Þórisstöðum, Svalbarðsstr. S. Þing.  
 Arnþrúður Símonardóttir, Safamýri 33, Reykjavík  
 Sigurður Ingvarsson, Hábraut 4, Kópavogi  
 Þórarinn Ólafsson, Háholti 3, Akranesi  
 Kristófer Grímsson, Silfurteigi 4, Garðahreppi  
 Haraldur Jónsson, Laugavegi 155, Reykjavík Á.  
 Sigrún Magnúsdóttir, Vesturvegi 31, Vestm.eyjum  
 Bjarni Skarphéðinsson, Andakílsárviðkjún, Borgarfirði  
 Indriði Þorðarson, Keisbakka, Skógarströnd  
 Sigurður Brandsson, Ólafsvík  
 Anna Jónsdóttir, Þverhamri, Breiðdal  
 Inga Árnason, Árborg, Manitoba, Canada  
 Guðjón Guðmundsson, Hamrahlíð 23, Reykjavík Á.  
 Ægir Ólafsson, Brekkugerði 30, Reykjavík  
 Ólafur S. Magnússon, Skálará v. Blesugróf, Reykjavík  
 Sveinn Jónsson, Digranesvegi 16 a, Reykjavík  
 Kristleifur Þorsteinsson, Húsafelli, Borgarfirði Á.  
 Þorbergur Jónsson, Prestbakkakoti, Síðu Á.  
 Ævar Jóhannesson, Kársnesbraut 34, Kópavogi

Nokkrir ævifélaganna voru félagsbundnir áður en ævifélagaskráning  
 hófst, og er merkt við nöfn þeirra með Á.

Dánir:

Eyþór Gunnarsson, Stórholti 41, Reykjavík	d.	d. 1969
Elín Hjartardóttir, Austurvegi 59, Selfossi		1955
Fríða Hallgríms, Hverfisgötu 43, Reykjavík		1959
Gundela Deutschländer, Laugavegi 24, Reykjavík		1956
Guðrún Jensdóttir, Faxaskjöldi 16, Reykjavík		1965
Hannes Guðlaugsson, Urðarstíg 8a, Reykjavík		1953
Hallbjörn Halldórsson, Hverfisgötu 21, Reykjavík		1958
Halldór Halldórsson, Drápuhlíð 12, Reykjavík		1969
Hermann A. Wendel, Gunnarssundi 6, Hafnarfirði		1965
Jón Sigurðsson, Hverfisgötu 108, Reykjavík		1966
Jakobína Ásgeirsdóttir, Laugavegi 69, Reykjavík		1958
Kristín Brandsdóttir, Skothúsvegi 15, Reykjavík		1959
Loptur Gunnarsson, Bergþórugötu 55, Reykjavík		1953
Lúðvík Ásgrímsson, Úthlíð 10, Reykjavík		1970
Ingimar Vilhjálmsson, Hamraendum, Mýrasýslu		1959
Magnús Þ. Öfjörð, Gaulverjabæ, Árnassýslu		1958
Ragnar Eyjólfsson, Hlíð, Djúpvogi		1965
Rafn Jónsson, Hlaðbrekku 23, Kópavogi		1970
Sigrður Björnsdóttir, Selfossvegi 5, Selfossi		1964
Stefán Nikulásson, Gunnarssundi 6, Hafnarfirði		1957
Sveinfríður Sveinsdóttir, Klapparstíg 35, Reykjavík		1955
Sturlaugur Jónsson, Bergstaðastræti 14, Reykjavík		1968
Þorsteinn Þorsteinsson, Húsafelli, Borgarfirði		1962
Þorsteinn Jóseppson, Bollagötu 9, Reykjavík		1967
Valdimar Long, Brekkugötu 11, Hafnarfirði		1964
Stefán Guðmundsson, Hólum, Dýrafirði		1970

## FUNDARGERÐ

Fundur að Álfrólsvægi 121, á 20 ára afmæli Félags Nýalssinna 31. des. 1970.

Þorsteinn Guðjónsson flutti ræðu sem fjallaði um upphaf félagsins og hvernig Þorsteinn Jónsson stofnaði það með penna sínum. Síðan setti hann fundinn kl. 2,30. Valdimar Guðlaugsson, einn af stofnendum félagsins flutti erindi. Hann lýsti fundum í félaginu fyrstu 2 árin, en þeir voru flestir á heimili hans. Einnig greindi hann frá því, að hann hefði snemma haft áhuga á framlífinu og kynnt sér ýmsar skoðanir um það en ekki getað fellt sig við þær. Þegar hann svo las Nýal, fannst honum að þar væri hið rétta. Síðan flutti Valdimar kvæði um Nýal, en það kvæði hafði hann samið árið 1943. Þökkuðu fundarmenn Valdimar gott erindi með lófataki.

Þorsteinn Guðjónsson rakti í stórum dráttum sögu félagsins. Í stjórnartíð fyrsta formanns Sveinbjörns Þorsteinssonar hefði Nýall verið gefinn út í annað sinn. Þegar Benedikt Björnsson var formaður var keypt íbúð.

Í formannstíð Ingvars Agnarssonar var reist Stjornusambandsstöðin að Álfrólsvægi 121.

Marga fleiri þætti félagsstarfsins minntist hann á. Útgáfu tímarita á íslensku og ensku, kynningarfundum, félagsfundum, miðilsfundum og ferðalög. Ingvar Agnarsson tók næst til máls og kvaðst vilja þakka núverandi formanni hans góða starf. Þorsteinn Guðjónsson hefði komið frá námi í Noregi til starfa fyrir Félag Nýalssinna. Formaður tók nú til máls og þakkaði Sigurði Ólafssyni, Ingvari Agnarssyni, Ásmundi Guðbjörnssyni og mörgum fleirum stórar gjafir til félagsins.

18 manns sátu fundinn. Fundi slitið kl. 4,45.

Samúel D. Jónsson.

---

## F J Á R M Á L

Fjárhagur Félags Nýalssinna hefur á liðnu ári, eins og eftirfarandi yfirlit sýnir, stórléga batnað, og horfir nú vel um það að skuldabyrði þurfi ekki til lengdar að valda áhyggjum í félagsstarfinu. En slíkt hefur hina mestu þýðingu, að félagið standi ekki að neinu leyti höllum fæti í þeim efnunum.

Rekstrar- og efnahagsyfirlit félagsins og stjornusambandsstöðvarinnar kemur að þessu sinni í einu lagi frá hendi gjaldkera, og gerir það reikningana einfaldari.

Framlög og aðstoð einstaklinga er það sem lyft hefur fjárhag félagsins á árinu, og munar þar mest um einn og því næst um tvo eða þrjá aðra, sem stórtækastir hafa verið. En margir aðrir hafa brugðið rausnarlega við og rétt félaginu álitlegar upphæðir. Ýmsir borga rífleg félagsgjöld og léttr það einnig undir, eins og líka öll skilvíslega greidd gjöld og tillög.

Sala á Nýal hefur verið töluverð á árinu, og eiga þar margir einstaklingar góðan hlut að verki, en fáeinir þó mestan. Ber sérstaklega að þakka og meta þá mikilsverðu viðleitni, sem þar er um að ræða.

Rekstursreikningur pr. 31/12 1970

Félag Nýalssinna

	Inn	Út
Sjóðsreikningur	907.128, 00	847.269, 55
Bankareikningur	42.890, 20	41.650, 60
Félagsgjaldareikningur		59.600, 00
Gjafa- og áheitareikningur		45.709, 06
Nýalsreikningur	314.800, 19	80.153, 19
Íslenzk stefna	830, 00	
Íslendingab. á öh.	3.250, 00	1.710, 00
Félagsblaðið	15.483, 00	515, 00
Stjómusambandsstöðin, gjafir og áheit		625.231, 65
Kostnaður, burðargjald og auglýsingar	12.696, 50	<del>890, 00</del>
hiti	17.758, 65	
rafmagn	7.217, 00	
sími	9.204, 00	
vextir	32.330, 00	
fasteignagjöld	7.397, 00	
Innbú og áhöld	260.272, 00	
Álfhólsvegur 121, Kópavogi	1.755.000, 00	
Inneign félagsmanna	466.600, 00	906.600, 00
Sparisjóður Reykjavíkur	80.000, 00	360.000, 00
Höfuðstöðsreikningur		962.378, 20
	<u>3.932.856, 54</u>	<u>3.932.856, 54</u>
Tekjur		730.540, 71
Gjöld	125.958, 01	
Ágóði	604.582, 70	
	<u>730.540, 71</u>	<u>730.540, 71</u>

Sigurður F. Ólafsson  
gjaldkeri

Elsa Vilmundardóttir  
Sigurður E. Guðmundss.  
endurskoðendur

Efnahagsreikningur pr. 31/12 1970

Félag Nýalssinna

	Eignir	Skuldir
Sjóðsreikningur	59.858, 45	
Bankareikningur	1.239, 60	
Nýalsreikningur	234.647, 00	
Íslenzk stefna	830, 00	
Ísl. byggð á öh.	1.540, 00	
Innbú og áhöld	233.845, 85	
Álfhólsvegur 121, Kópavogi	1.755.000, 00	
Inneign félagsmanna		440.000, 00
Sparisjóður Reykjavíkur		280.000, 00
Höfuðstöðsreikningur		1.566.960, 00
	<u>2.286.960, 90</u>	<u>2.286.960, 90</u>

## FRÁ BURDLÍK

Á tilraunafundi Nýalssinna þ. 22. marz kom Burdlík í samband og talaði alllangt mál í gegnum tvo af miðlum okkar; kvaðst hann vera staddur á heimili sínu ásamt nokkrum tryggum stuðningsmönnum, sem skilið hefðu eðli drauma og gerðu sér glögga grein fyrir sambandi sínu við okkur hér á jörð. En sambandsstöð þeirra, ekki stór, sagði hann vera "hérna utan við" og skildum við það svo að hún væri rétt utan við borgina, og væri þar stundum saman komið. Spurt var hvort hreyfing hans færi vaxandi, og var því svarað að svo væri að vísu, en mörgum væri ekki vel við uppgang þeirra. Væri þar einhver hreyfing uppi sem væri þessu máli sérstaklega andstæð, en þó kynnu þeir ráð til að láta þau áhrif ekki verða of sterk. Spurt var hvort almenningur vissi þarna að þeir væru íbúar stjörnu, og kvað hann að vísu svo vera, enda væri það skilyrði þess að hægt væri að tala við þá um samband milli stjarna að slíkt væri vitað. Samband var nokkuð erfitt og þó samfellt og skipulegt. Eftirtektarvert var það að máhljóð Burdlíks, sem oft hafa komið rétt á undan sambandi við hann, dreifðust nú um lengra bil fundarins, eins og sambandið væri aftur og aftur að leita á, unz það að lokum ruddi sér til rúms.

Stjarnan Síríus sezt nú í suðvestri (eins og hún jafnan gerir) á kvöldin um 11 leytið og færist niðurgöngutími hennar jafnt og þétt fram. Þegar hjart er veður og loft tært horfi ég stundum í þetta óumræðilega dökka djúp sem allar stjörnur geymir og alla menn, einnig þá sem lítið eða ekkert vita af því. Það er þetta djúp okkar Burdlíks sem nú laðar til sín allar hinar rangsnúnu tilhneigingar og lætur þær sjatna.

D.G.

### Félag Nýalssinna. Stofnað 1950. Félagsstjórn:

Þorsteinn Guðjónsson, Álfrólsvégi 121.	Sími 41006
Sigurður F. Ólafsson, Fálkanum	Sími 84670
Samúel D. Jónsson, Fossvogsbletti 13.	Sími 40383
Ingvar Agnarsson, Gúmmívinustofunni	Sími 30688
Meðstjórnendur: Þorsteinn Jónsson, Úlfstöðum (ritstjóri), Sveinbjörn Þorsteinsson, <b>Skálholtsstíg 2</b> , Haukur Matthíasson, Laufásvegi 25, Páll Steinarsson frá Hlíð, Egilsgötu 28.	

### Ritnefnd ( auk ritstjóra ):

Sveinn Haraldsson, Álfrólsvégi 121, Kóp.  
Kjartan K. Norðdahl, Bólstaðahlíð 64, R.  
Gunnar Grettisson, Rauðalæk 55, R.

Stjornusambandsstöðin, Álfrólsvégi 121, Kópavogi. Sími 40765.  
Almennir félagsfundir þar fyrsta miðvikudag hvers mánaðar kl. 9 e.h. - Umsjónarmaður: Sveinn Haraldsson.